

86. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 13. janúar 2010, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. **SSNV-atvinnuþróun**
 2. **Fundargerðir:**
 - a) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. október 2009**
 3. **Reglur um afslætti**
 4. **Bréf frá Náttúrustofu Vesturlands dags. 10. desember 2009**
 5. **Bréf frá Umferðarstofu dags. 6. janúar 2009**
 6. **Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 22. desember 2009**
 7. **Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 5. janúar 2009**
 8. **Lántaka**
 9. **Trúnaðarmál**
 10. **Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. SSNV-atvinnuþróun

Mættir eru á fund bæjarráðs Jón Óskar framkvæmdastjóri SSNV og Stefán Haraldsson atvinnufulltrúi SSNV til að gera grein fyrir þeim verkefnum sem SSNV er að vinna að um þessar mundir.

Miklar umræður urðu um atvinnumál á svæðinu.

Jón Óskar og Stefán yfirgefa fundinn.

2. Fundargerðir:

- a) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. október 2009**

Lögð fram til kynningar

3. Reglur um afslætti

Bæjarstjóri lagði fram tillögu að Reglum um afslátt af fasteignaskatti vegna ársins 2010 og Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts.

Bæjarráð samþykkir reglurnar.

4. Bréf frá Náttúrustofu Vesturlands dags. 10. desember 2009

Bæjarstjóri dreifði greinargerð Náttúrustofu Vesturlands um umhverfissvottun Íslands. Með henni er vakin athygli á nýstárlegri og

raunhæfri leið til að byggja upp ímynd landsins og styrkja á sama tíma ferðapjónustu, útflutningsgreinar og sjálfbæra þróun.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Umferðarstofu dags. 6. janúar 2009

Umferðarstofa óskar eftir að fá að kynna aðferðarfræðina að baki umferðaröryggisáætlunar.

Bæjarstjóra falið að vinna að málinu.

6. Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 22. desember 2009

Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 5. janúar 2009

Vakin er athygli á því að stjórnvöld hafa fallið frá fyrri áformum um að hætta að endurgreiða sveitarfélögum framlag til veiðimanna vegna veiða á ref.

Lagt fram til kynningar.

8. Lántaka

Bæjarráð Blönduósbæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 50.000.000 kr. til 14 ára, í samræmi við lánsamning nr. 3/2010 sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna byggingu sundlaugar, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni, bæjarstjóra, kt. 161171-4339 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Blönduósbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari."

9. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók

10. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:50.

Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.).

Arnar Þór Sævarsson (sign.)